

**Ed.**

### **313. Tillaga til þingsályktunar**

um athugun á rafvirkjun fyrir Dalasýslu.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram á næsta sumri athuganir og mælingar á þeim fallvötnum í Dalasýslu, sem líklegust eru til rafvirkjunar fyrir héraðið, og að þeim athugunum loknum útvega rækilega álitsergerð sérfræðinga um, hvort héraðinu verði hagkvæmara, virkjun innan héraðs eða leitt verði rafmagn inn í sýsluna frá utanhéraðsafstöðvum, t. d. Andakilsárfossunum.

Greinargerð.

Á síðast liðnu þingi voru samþykkt lög um raforkusjóð, og varð það mjög til þess að glæða vonir manna í sveitum landsins um, að skemmra mundi nú, af þeirri ástæðu, að bíða þess, að raftaugar yrðu lagðar heim að bæjum þeirra. Hefur hugur manna mjög snúizt að rafveitumálum héraða þeirra. Treystast margir til að ráðast í stórfelldari fyrirlæki en áður, þar sem peningaeign landsmanna er nú miklu meiri en hefur verið nokkurn tíma fyrr. Þykir því rétt og sjálfsagt, að kannað sé, hvar hagkvæmast er að hafa rafafstöðvar og leiðslukerfi, svo að deilur um þau atriði verði ekki til trafala, er tækifærið gefst til rafvirkjunar. Í Dalasýslu hafa nær engar slíkar athuganir farið fram og vatnsrafvirkjun þar aðeins á einum bæ. Þykir því nauðsynlegt, að athugað sé nú þegar, hvar og hvernig hagkvæmust verði rafvirkjun fyrir héraðið í heild, áður en þéttþýlari hverfin kynnu að ráðast í rafvirkjun fyrir sig, án nokkurs heildarskipulags.

Vafasamt er, hvort fallvötn héraðsins eru vel fallin til stórvirkjunar, og gæfi því þegar af þeim ástæðum verið hagkvæmara að leiða rafmagnið frá rafstöðvum í öðrum héruðum, og eru þá líklegastir Andakilsárfossarnir. Reyndist það rétt, væri sjálfsagt að haga virkjun þeirra þannig, að stöðin þar framleiddi nægilegt rafmagn einnig fyrir Dalahérað. Nú mun þess skammt að bíða, að hafizt verði handa um þá virkjun, og er því nauðsynlegt, að athugun sú, sem hér er óskað eftir, verði framkvæmd sem allra fyrst.